

66 hlutinn skal lagður við höfuðstólinn þangað til hann er orðinn kr. 5000,00. Að 27. júní því búnu má verja öllum vöxtunum til styrkveitinga, ef með þarf.

4. gr.

Nú skyldi eitthvert ár eigi vera úthlutað styrk úr sjóðnum og leggjast þá allir vextirnir við höfuðstólinn.

5. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af þremur félagskonum, sem kosnar skulu á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Þá skulu og kosnir tveir endurskoðendur að reikningum sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi alla framkvæmd styrkveitinga, og reikningshald sjóðsins. Skal sjóðurinn hafa sérstaka bók og skal skipulagskrá þessi innfærð í hana, svo og styrkveitingar allar og reikningar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Eftir hver árslok skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af tveim þar til kjörnum endurskoðendum, en síðan skulu reikningar sjóðsins samþykktir af aðalfundi félagsins.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagskrá þessari.

Sigríður Eiríksdóttir, formaður. **Ólafía Jónsdóttir**, form. ofangreinds sjóðs.

María Maack. Vilborg Stefánsdóttir.

67

29. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 25. október 1929 um bifreiðatryggingar.

Inngangur reglugerðarinnar orðist þannig:

Samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 70, 8. september 1931, um notkun bifreiða, er sérhverjum bifreiðareiganda gert að skyldu að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, sem hér segir: Fyrir vörubifreiðar og bifreiðar, sem samkvæmt skoðunarvottorði megi flytja allt að 6 farþegum, 10000 kr. fyrir hverja bifreið. Fyrir bifreiðar, sem mega flytja 7—10 farþega, 20000 kr. fyrir hverja bifreið. Fyrir bifreiðar, sem mega flytja fleiri en 10 farþega, 30000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaða-

bótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem 67
29. júní
ætlaðar eru einum manni skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

Með tilvísun til þessa ákveður atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið eftirfarandi reglur um framkvæmd laganna og tilkynnir jafnframt, að tryggingarfélögum, er sækja um viðurkenningu til þess að taka að sér bifreiðartryggingar, verða sett eftirfarandi almenn skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 1. gr. komi:

Þá er tryggingarfélag tekur að sér tryggingu fyrir bifreið ber það alla þá áhættu, sem bifreiðareiganda er skylt að tryggja samkvæmt fyrirmælum ofangreindra laga, og vanræksla af hendi þess tryggða á skuldbindingum sínum gagnvart félaginu heimilar því engan rétt til þess að neita greiðslu til þess, sem á rétt á skaðabótum. Öll ákvæði í tryggingarbréfinu eða í tryggingarskilyrðum félagsins, er takmarka ábyrgð félagsins að þessu leyti, eru ógild, þó er félaginu heimilt að áskilja sér rétt gagnvart þeim, er trygginguna kaupir.

Tryggingin gengur í gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hefir fengið tryggingarbeiðnina í hendur, nema sá er kaupa vill trygginguna, æski þess að hún gangi í gildi á öðrum tíma.

Trygging fyrir vörubifreið nær til farþega, sem fluttir eru í stýrishúsi bifreiðarinnar.

Nú eru bætur vegna sama slyss ákveðnar hærri samtals en vátryggingarfjárhæðinni nemur og skal þá skipta henni hlutfallslega milli þeirra, sem kröfur eiga út af slysinu.

Þetta ákvæði gildir einnig þótt vátryggingarupphæðin sé hærri en lögboðið er.

Ekki skal setja á sama vátryggingarskjal aðra tryggingu en hina lögboðnu.

2. gr.

Aftan við 1. mgr. 3. gr. komi:

Uppsögn skal ætíð miða við 1. júlí.

3. gr.

10. gr. falli burtu og breytist greinatalan samkvæmt því.

4. gr.

Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr. kemur ný grein sem verður 14. gr. svo hljóðandi:

Bifreiðaeigendur eru skyldir til þess að tryggja bifreiðar sínar fyrir eitt ár í senn frá 1. júlí til 30. júní næsta ár, og greiðist iðgjaldið fyrirfram fyrir allt árið. Ef ný bifreið er tryggð á árinu skal hún tryggð til næstkomandi 30. júní þannig að tryggingartími allra bifreiða miðist við tímabilið 1. júlí til 30. júní næsta ár.

67 Fyrir vörubifreið, sem í viðlögum er tekin til fólksflutninga, nægir 10000
 29. júní kr. trygging, ef ekki á að flytja fleiri en 6 farþega, en eigi að flytja í bifreið-
 inni 7—10 farþega er bifreiðareiganda skylt að kaupa 10000 kr. viðbótartrygg-
 ingu fyrir bifreiðina og eigi að flytja fleiri en 10 farþega þá 20000 kr. viðbótar-
 tryggingu, þannig að farþegarnir séu tryggðir fyrir slysum, og gildir þetta
 hvort sem ekið er borgunarlaust eða ekki. Þessa aukatryggingu þarf eigi að
 kaupa nema fyrir hverja ferð, er nota á bifreiðina til farþegaflutnings.

Ef bifreið ónýttist meðan hún er í tryggingu, er tryggingarfélaginu skylt
 að endurgreiða fyrirfram greitt iðgjald að rétttri tiltölu. Bifreiðareigandi sem um
 tíma, þó ekki skemur en einn mánuð, notar eigi bifreið sína, á og við lok ábyrgð-
 artímabilsins heimtingu á hlutfallslegri endurgreiðslu á iðgjaldinu, ef hann
 sannar að hann hafi afhent lögreglustjóra skrásetningarmerki bifreiðarinnar
 og lætur félaginu jafnframt í té yfirlýsingu um að hann hafi ekki notað bifreið-
 ina þann tíma, er skrásetningarmerkið var í vörzlum lögreglustjóra.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkenndu trygg-
 ingarfélagi, eru lögtakskræf.

5. gr.

Í stað síðari málsgr. 18. gr. komi:

Ef slík trygging er eigi fyrir hendi skal lögreglustjóri taka skrásetningar-
 merki bifreiðarinnar í sínar vörzlur og að öðru leyti annast um að bifreiðin
 verði eigi notuð.

6. gr.

19. gr. orðist þannig:

Lögreglustjóri skal einu sinni á ári að minnsta kosti rannsaka hvort trygg-
 ingar bifreiða eru í lagi svo sem fyrir er mælt í 15. gr. hér að framan.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 70, 8. september 1931 um
 notkun bifreiða til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
 sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1932.

Þorsteinn Briem.

Vígfús Einarsson.